



ORKUSTOFNUN

Rannsóknasvið

Kalkútfellingar í borholum í Kröflu

**Tálmun útfellinga með
efnaíblöndun**

**Trausti Hauksson, Kemíu sf
Sverrir Þórhallsson, Orkustofnun
Ásgrímur Guðmundsson, Orkustofnun**


Unnið fyrir Landsvirkjun

1999

OS-99033



Skýrsla nr: OS-OS-99033	Dags: Maí 1999	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: KALKÚTFELLINGAR Í BORHOLUM Í KRÖFLU Tálmun útfellinga með efnaíblöndun		Upplag: 40
		Fjöldi síðna: 48
Höfundar: Trausti Hauksson, Kemfú Sverrir Þórhallsson, OS Ásgrímur Guðmundsson, OS		Verkefnisstjóri: Ásgrímur Guðmundsson
Gerð skýrslu / Verkstig: Samantekt upplýsinga. Tillögur um úrlausn		Verknúmer: 8-630665
Unnið fyrir: Landsvirkjun		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í skýrslunni er fjallað um kalkútfellingar í borholum og leiðir til þess að draga úr aflýrnun sem því fylgir. Sérstaklega er rætt um þetta vandamál í Kröflu en þar er það tengt holum KJ-9 og KJ-28 í Leirbotnum, sem vinna vökva úr svokölluðu efra kerfi. Þar er berghitinn 200-240°C en yfirleitt verða slíkar útfellingar í holum sem taka inn 150 til 250°C heitt jarðhitavatn. Settar eru fram tillögur um lausn sem felst í að tálma útfellingar með efnaíblöndun og lengja þannig árlegan rekstrartíma og auka rekstraröryggi. Einnig er gerð tillaga um ákveðið íblöndunarefni, Nalco 1340 HP, og nauðsynlegan tækjabúnað auk áætlunar um kostnað við rekstur hans. Áætlað er að um 200 kg af tálma þurfi á mánuði í hvora af holunum tveim (KJ-9 og KJ-28).		
Lykilorð: Krafla, borholur, kalkútfellingar, efnaíblöndun	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: ÁS	



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 8-630665

Trausti Hauksson, Kemíu sf
Sverrir Þórhallsson, Orkustofnun
Ásgrímur Guðmundsson, Orkustofnun

Kalkútfellingar í borholum í Kröflu

Tálmun útfellinga með efnaíblöndun

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-99033

Maí 1999

EFNISYFIRLIT

	bls	
1 INNGANGUR.....	5	
2 KALKÚTFELLINGAR Í KRÖFLUHOLUM.....	6	
2.1 Yfirmettun vegna suðu.....	6	
2.2 Hreinsun útfellinga.....	7	
3 EFNAÍBLÖNDUN	10	
3.1 Tálmun kristalvaxtar	10	
3.2 Virkniminnkun kalsíums	12	
3.3 Virkniminnkun karbónats.....	12	
3.4 Áhrif kalktálma á frárennslisvatn.....	13	
3.5 Söluaðilar kalktálma	13	
4 TÆKJABÚNAÐUR	16	
4.1 Hárpípa og sakka	16	
4.2 Spil og holutoppsbúnaður.....	17	
4.3 Dælur og efnablöndun	17	
5 NIÐURSTÖÐUR	19	
5.1 Stofnkostnaður	19	
5.2 Rekstrarkostnaður	21	
6 HEIMILDASKRÁ	22	
VIÐAUKI 1	Hola KJ-9 í Leirbotnum	25
V1.1	Borun og fóðrun	27
V1.2	Hiti og þrýstingur.....	27
V1.3	Afköst	28
V1.4	Efnasamsetning borholuvökva	30
VIÐAUKI 2	Hola KJ-28 í Leirbotnum	33
V2.1	Borun og fóðrun	35
V2.2	Hiti og þrýstingur	35
V2.3	Afköst	36
V2.4	Efnasamsetning borholuvökva	37
VIÐAUKI 3	Nalco 1340 HP (MSDS)	39

TÖFLUSKRÁ

		bls
Tafla 1	Hreinsanir holu KJ-9	8
Tafla 2	Hreinsanir holu KJ-28	8
Tafla V1.1	Hallamælingar í holu KJ-9	27
Tafla V1.2	Hola KJ-9. Efnasamsetning djúpvatns	30
Tafla V2.1	Hola KJ-28. Efnasamsetning djúpvatns	37

MYNDASKRÁ

		bls
Mynd 1	Kalkmettun í holum KJ-9 og KJ-28.....	7
Mynd 2	Staðsetning kalktappa í holu KJ-9	9
Mynd 3	Tillaga að tækjabúnaði fyrir íblöndun kalktálma	20
Mynd V1.1a	Hola KJ-9. Toppbrýstingur	29
Mynd V1.1b	Hola KJ-9. Heildarstreymi	29
Mynd V1.1c	Hola KJ-9. Vermir	29
Mynd V1.2a	Hola KJ-9. Kísilstyrkur í vatni.....	31
Mynd V1.2b	Hola KJ-9. Koldíoxíðstyrkur í gufu.....	31
Mynd V1.2c	Hola KJ-9. Kalsíumstyrkur í vatni.....	31
Mynd V2.1	Hola KJ-28. Afkastaferill	36

1 INNGANGUR

Kalkútfellingar í borholum og aflrýrnun af þeirra völdum er algengt vandamál við virkjun jarðhita. Þær verða í borholum, sem taka inn kalkmettað jarðhitavatn, sem sýður á leið upp holuna.

Yfirleitt eru þessar útfellingar mestar í holum sem taka inn 150 til 250 °C heitt jarðhitavatn. Á Íslandi hafa slíkar útfellingar t.d. orðið í borholum í Hveragerði og Svartsengi (Arnórsson, S. 1989).

Í Kröflu taka flestar borholurnar vatn úr jarðhitakerfi sem er 300 °C heitt eða heitara. Undantekning frá því eru nokkrar grunnar holur sem taka vatn úr svokölluðu efra kerfi í Leirbotnum. Þar er berghitinn um 200 til 240 °C og hafa kalkútfellingar orðið í sumum þeirra (Ármansson, H. 1989). Sérstaklega hafa þær átt sér stað í holum nálægt Hveragili en þar er vökvinn gasríkari og súrari en annars staðar á Kröflusvæðinu.

Útfellingar hafa svo vitað sé stíflað holur KG-5, KJ-9 og KJ-28 en hola KG-24 sem vinnur svipaðan vökva hefur ekki stíflast. Líkur eru á að hola KW-1 og KW-2 hafi stíflast en hola KG-8, sem er fjærst Hveragili, ekki.

Hola KJ-9, sem boruð var 1976-1977, hefur stíflast nær árlega af kalkútfellingum, sem hreinsaðar hafa verið með bor. Kostnaður vegna þessa hefur verið umtalsverður eða um 20 aurar á hverja kWst. Til viðbótar kemur orkutap vegna þess að afl holunnar er minna í nokkrar vikur fyrir hreinsun og taka þarf holuna úr vinnslu á meðan hún er hreinsuð. Síðastliðin 3 ár hefur hola verið hreinsuð með sýrupvotti og hefur það minnkað kostnað við hreinsun í um 2 auru á kWst.

Hola KJ-28, sem boruð var 1996 og var tengd haustið 1997, stíflaðist eftir árs rekstur og var hreinsuð með bor haustið 1998. Kostnaður vegna árlegrar hreinsunar er áætlaður um 11 aurar á hverja kWst og til viðbótar kemur orkutap vegna minni afkasta og styttri vinnslutíma.

Í þessari skýrslu eru settar fram tillögur að lausn sem lengir árlegan rekstrartíma og eykur rekstraröryggi hola KJ-9 og KJ-28.

Þekkt er að íblöndun útfellingatálmandi efna í borholur hefur reynst vel í þessu sambandi. Í skýrslunni er tekið saman yfirlit um þá reynslu. Jafnframt eru teknar saman helstu upplýsingar um holur KJ-9 og KJ-28 og birtar í viðauka 1 og 2.

Að síðustu er lögð fram tillaga að íblöndunarefni og þeim tækjabúnaði sem til þarf ásamt kostnaðaráætlun um uppsetningu búnaðarins og rekstur hans.

2 KALKÚTFELLINGAR Í KRÖFLUHOLUM

2.1 Kalkyfirmettun vegna suðu

Kalsít, sem er ein kristalgerð kalsíumkarbónats (kalks), er ein af einkennis-útfellingum efra kerfisins í Leirbotnum og greinist það í miklu magni í svarfi allt niður að 1000 m dýpi eða þar sem skilin eru milli efra og neðra kerfis (Hjalti Franzson o.fl, 1996). Það er því edlilegt að gera ráð fyrir því að djúpvatn í efra kerfi sé í jafnvægi við kalsít þegar það streymir inn í holuna.


Leysni kalsíts ræðst af eftirfarandi efnavægi:



og ritast jónamargfeldi þessa efnavarfs þannig:

$$Q = (\text{Ca}^{++}) (\text{CO}_3^{--}) \quad (2)$$


Við efnajafnvægi er jónamargfeldið jafnt leysnimargfeldi kalsíts (K_{sp}), sem er háð hitastigi. Þegar vatnið byrjar að sjóða í holunni rýkur uppleyst koldíoxíð (CO_2) yfir í gufufasann. Við það leitar eftirfarandi efnajafnvægi til hægri og styrkur karbónatjóna (CO_3^{--}) í vatninu eykst.



Aukinn karbónatstyrkur hækkar jónamargfeldið og vatnið verður yfirmettað og kalsít fellur úr lausn.

Á mynd 1 er sýnt jónamargfeldi kalsíumkarbónats ($\log Q$, reiknað með VDATA forritinu (Trausti Hauksson 1995)) í vatni sem sýður á leið upp holur KJ-9 og KJ-28. Jónamargfeldið er sýnt sem brotinn ferill. Reiknað er með að vatnið sé mettað í berggrunninum og er reiknaður styrkur basa í djúpvatni leiðréttur til þess að uppfylla það skilyrði. Á myndinni sést hvernig jónamargfeldið hækkar hratt þegar vatnið byrjar að sjóða og vatnið verður yfirmettað þ.e. verður hærra en leysnimargfeldi kalsíts ($\log K_{sp}$). Ferillinn sveigir að mettunarferlinum þegar vatnið kólnar við suðuna en verður aldrei undirmettað. Samkvæmt þessu ætti útfelling að eiga sér stað upp eftir allri holunni. Svo er þó ekki.

Hugsanleg skýring er að afgösun vatnsins sé takmarkandi og að koldíoxíð nái ekki að rjúka úr vatninu, nema að hluta til, á leiðinni upp holuna. Einnig er þekkt að allnokkra yfirmettun þarf til þess að útfelling byrji. Reynolds frá nokkrum jarðhitasvæðum á Íslandi bendir til þess að yfirmettun ($\log Q - \log K_{sp}$) þurfi að vera meiri en 0,3 til þess að útfelling eigi sér stað (Bai Laping, 1991). Þessi lína er sýnd á mynd 1 (punktalína) og má ráða af myndinni að útfelling ætti að hætta við 170 °C í holu KJ-28 og við 152 °C í holu KJ-9.



Mynd 1. Kalkmettun í holum KJ-9 og KJ-28

2.2 Hreinsun útfellinga

Hola KJ-9 hefur stíflast nær árlega af kalkútfellingum, sem hreinsaðar hafa verið með borun. Kalktappinn í holu KJ-9 hefur verið ofarlega í 9 5/8" fódningunni á 150 til 250 metra kafla. Dýpi niður á útfellinguna í hreinsiborunum hefur verið um 300 m eins og sýnt er á mynd 2 og tappinn hefur náð rétt niður fyrir 500 m dýpi.

Magn vatns og gufu sem hægt hefur verið að taka úr holunni milli hreinsana á síðustu árum hefur verið um 700 til 800 þúsund tonn (sjá töflu 1). Undantekningar voru árin 1993 til 1995 en þá voru rekstrartímabilin óvenju stutt og holan ekki hreinsuð fyrr en við lok síðara tímabilsins árið 1995. Samtals voru tekin 1100 þúsund tonn úr holunni á þessum tveimur tímabilum.

Áætlað er að um 5 tonn af útfellingum falli úr vatninu, sem streymir um holu KJ-9, áður en 221 mm víð fódringin stíflast og holan þarfnast hreinsunar. Vinnsla milli hreinsanna hefur verið um 700 til 1.100 þúsund tonn. Þetta samsvarar um 5 mg af kalki úr hverju kílógrammi vatns (5 mg/kg).

Sumarið 1995 var reynt að hreinsa holu KG-5 með ádælingu vatns, sem í var blandað gasríkri háþrýstigufu og EDTA lausn. Sú tilraun gaf nokkuð góðan árangur og hefur holan verið nýtt síðan. Þá var ákveðið að reyna slíkt einnig í holu KJ-9 sumarið 1996. Aðferðin var endurbætt eftir tilraunir þar sem leysnihraði kalks úr holu KJ-9 var mældur. Víddarmæling fyrir og eftir hreinsunina sýndi að aðgerðin hreinsaði holuna að mestu þrátt fyrir að ekki hafi gefist nægur tími til þess að láta renna á holuna allan þann tíma sem áætlað var, vegna þess hve sumarstoppið var stutt. Kolsýruhreinsunin entist

293 daga, en þá höfðu verið tekin úr holunni 670 þúsund tonn af vatni og gufu. Holan dugði því heldur skemur heldur en eftir venjulega borun.

Hola KJ-9 var síðan hreinsuð með saltsýru sumarið 1997, en sú aðferð er fljótvirkari en kolsýruhreinsun. Holan var ekki víddarmæld eftir þessa hreinsun en 6" karfa gekk niður á 600 metra dýpi.

Haustið 1998 var holan hreinsuð á ný með sýru í tveimur atrennum, því eftir fyrri hreinsunina gekk erfiðlega að tengja holuna inn á háþrýstiveitu. Þrátt fyrir það var enn erfitt að reka holuna á háþrýstiveitu. Hugsanlegt er talið að aukinn niðurdráttur vegna stórauðinnar vinnslu úr efra kerfinu valdi því en ekki útfellingar í holunni. Holan var því tengd inn á lágþrýstiveitu.

Hola KJ-28 var hreinsuð í blæstri haustið 1998 eftir vinnslu í rúmlega eitt ár. Yfirlit yfir hreinsunina er sýnt í tölu 2. Tappinn náði frá 512 m dýpi og niður á 732 m.

Svipað magn af útfellingum þarf til þess að stífla holu KJ-28 og holu KJ-9 en suðan í henni er í leiðaranum sem er 221 mm að innanmáli eins og fódning holu KJ-9. Vinnsla fram að hreinsun 1998 var 1.800 þúsund tonn sem samsvarar um 3 mg af kalki úr hverju kílógrammi eða tæplega helmingi minni útfellingarhraði en í holu KJ-9.


Tafla 1. Hreinsanir holu KJ-9

Ár	Kalktappi (m)	Aðgerð	Vinnsla eftir hreinsun (dagar)	(ktonn)
1990	314-506	Útborun	289	790
1991	304-507	Útborun	227	780
1993	298-421	Útborun	464	1.120
1995	305-490	Útborun	237	650
1996	250-525 *)	Kolsýra	293	670
1997	250-525 *)	Saltsýra	317	825
1998	ekki mælt	Saltsýra		

*) Víddarmæling

Tafla 2. Hreinsanir holu KJ-28

Ár	Kalktappi (m)	Aðferð	Vinnsla eftir hreinsun (dagar)	(ktonn)
1997		Upphleypling	380	1,800
1998	512-732	Útborun		



Mynd 2. Staðsetning kalktappa í holu KJ-9

3. ÍBLÖNDUNAREFNI

Tvær meginleiðir eru mögulegar til þess að hindra kalkútfellingar með efnaþblöndun. Í fyrsta lagi er hægt að hindra kristalvöxt og samloðun kalkagnanna sem eru að myndast. Í öðru lagi er hægt að minnka virkni þeirra jóna sem mynda útfellinguna þ.e. kalsíums (Ca^{++}) og karbónats (CO_3^{--}) og lækka þar með jónamargfeldið og draga úr yfirmettun.

3.1 Hindrun kristalvaxtar


Þegar vatn verður yfirmettað af kalsíti fellur kalsíum og karbónat úr lausn og myndar reglulegan kalsítkristal. Þetta gerist þannig að jákvæðar kalsíumjónir og neikvæðar karbónatjónir festast til skiptist á yfirborð kristalsins. Aðeins fáir virkir staðir á hverri kristalögn taka við nýrri jón og slétt yfirborð kristalsins þekst einu atómlagi í einu.

Efni sem bindast yfirborði kalsítkristals, sem er að vaxa, trufla reglubundinn vöxtinn og hindra hann. Styrkur slíkra efna, sem nefnast tálmar (inhibitor), þarf ekki að vera mikill til þess að ná þessari virkni og oft næst góð virkni með minni styrk en 1 ppm (einn miljónasti, mg/kg).

Tálmar eru oft notaðir til þess að hindra kalkútfellingar úr ketilvatni og kælivatni en fyrstu tilraunir með notkun þeirra í jarðhitaholum voru gerðar fyrir um 20 árum (Vetter et al 1979).


Lífræn fosfatsambönd (fosfónat) bindast kalsíumjónum á yfirborði kristalsins og eru mjög áhrifarík við að tálma vexti kalsíts. Dæmi um efnaþblöndur af þessari gerð eru t.d. Dequest og Sequion.


Nokkrar gerðir af fosfónötum eru fáanleg og eru byggingarformúlur tveggja Dequest efna eftirfarandi:



Fosfónöt eru ýmist seld sem sýrulausn, sem er tærandi við háan hita, eða basískar lausnir sem í hefur verið blandað natríum hydroxíði. Hætta er á að fosfónöt brotni niður við háan hita og verði óvirk eða myndi fosfat sem síðan getur myndað kalsíumfosfat útfellingar.

Önnur gerð tálma eru fjölliður með virkum sýruhópum s.s. karboxyl ($-\text{COOH}$) hópum sem við köllum hér fjölsýrur. Dæmi um slík efni eru polyacrylat, polymethacrylat og polymaleicanhydride (polymaleicacid). Bygging efnanna er eftirfarandi:





Fjölsýrurnar festast á kalsíumkristalnum en teygja sig út úr honum og trufla skipulagðan kristalvöxt svipað og fosfónöt. Þær eru neikvætt hlaðnar sem veldur því að kristalagnirnar hrinda hver annarri frá sér. Mikilvægt er að lengd fjölliðurnar sé rétt til þess að fá fram þessa virkni. Ef þær eru of langar geta þær brúað bilið milli agnanna og aukið útfellingarhraðann í stað þess að minnka hann. Ef fjölliðurnar eru stuttar verður virknin ekki nægileg.

Dæmi um efnablöndur í þessum flokki eru Millsperse (polymaleic anhydride, PMA) Flocon (polycarboxylic acid) og Nalco 1340 (polyacrylat, PA). Einnig eru á markaðnum efnablöndur sem innihalda bæði polykarboxylat og fosfónat. Dæmi um slík efni er PERFORMAX (polyacrylate, polymaleic anhydride og fosfónat).

Eins og fyrr segir er hætt á að efnin brotni niður þegar þau hitna upp í þann hita sem er á jarðhitavatni djúpt í jarðhitaholum og að virkni þeirra minnki. Flest efni hafa verði þróuð til notkunar í ketilvatni við lægri hita en er í jarðhitaborholum. Til þess að velja tálma sem hentar fyrir jarðhitanotkun hefur þurft að gera tilraunir við hærri hita en áður þekktist.

Tilraunir sýndu að Dequest 2066 (fosfónat) var mjög áhrifaríkt jafnvel í litlum styrk og hitun í 210 °C hafði ekki áhrif á virknina (Corsi et al 1985). Önnur efni sem prófuð voru og reyndust síðri voru Ecostabil (fosfónat), Ecopol (polyacrylamide), Nadar (fosfónat), Flocon (polycarboxylic acid) og Chelone (fosfónat).

Samanburður á virkni polyakrylata (PA) og polymaleic anhydrid (PMA) sýndu að PMA var virkast ef þess var gætt að mólþungi fjölliðanna væri um 5000 g/mól (Vaska and Kellogg, 1989).

Í tilraun þar sem borin voru saman efni frá fjórum söluaðilum kalktálma í Bandaríkjunum kom í ljós að Dequest 2060 (fosfónat) var virkasta efnið en Nalco 1382 (polyacrylat) kom næst. Efni frá Drew (Polymaleic anhydride) og Betz reyndust síður (Osborn et al 1990). Dequest 2060 efnið reyndist erfitt í meðförum vegna þess hve það var tærandi.

Tilraunir á jarðhitasvæðum hafa verið gerðar þar sem kalktálum frá nokkrum söluaðilum var dælt í holur í breytilegu magni og virknin mæld með því að efnagreina styrk kalsíums í vatninu sem upp kemur. Því hærri sem styrkur kalsíums er í vatninu sem upp kemur þeim mun betur virkar efnið.

Á Dixie Walley svæðinu í Nevada voru efni frá þremur framleiðendum reynd, en allir höfðu haldið fram sínum efnum sem bestum. Öll efnin gáfu fulla virkni í 5 ppm styrk en efnin frá Nalco (N-1340 og N-1382, PA) héldu virkninni við lágsta styrk en efnin frá Drew (Millsperse 802, PMA og Drewperse 747B, PA) og Betz (GCP-188 og DG-1357 polyacrylat og fosfónatblanda) misstu virknina þegar styrkurinn minnkaði

niður fyrir 4 ppm. Svo virtist þó sem sum efnanna væru útþynnt með vatni og ef tekið var tillit til þess virtust öll efnin gefa svipaðan árangur óháð styrk.

Á Kawerau svæðinu á Nýja Sjálandi var efnið SURFLO RD3056 valið til notkunar í 260 °C heitri holu eftir umfangsmiklar tilraunir á rannsóknastofu (Robson et.al, 1990). Efnið gaf nokkurn árangur jafnvel í 1 ppm styrk en afköst holunnar minnkuðu þó áfram vegna útfellinga en hægar en fyrr.

Á Coso svæðinu í Kaliforníu var polymaleic anhydrið valið því annað efni sem reynt var (polyakrylat/terpolymerblanda, Nalco 1382) átti til að brotna niður og stífla hárpípuna. Fosfónöt voru ekki reynd (Lovekin, J.W. 1990). Full virkni náðist með 2,5 til 5 ppm styrk en ekki var reynt að minnka hann meira en það vegna púlsandi rennslis úr holunum.

Millsperse 822 (PMA) var reynt á Intermountain svæðinu í Utha með góðum árangri (Monette et. al 1991). Hiti vatnsins sem streymdi inn í holuna var 212 °C og var efninu dælt í holuna á 1060 m dýpi. Millsperse 822 hefur verið notað í allt að 70 jarðhitaholum við hita frá 130 til 270 °C (N. Kellogg, pers. uppl.). Efninu er yfirleitt dælt í gegnum ryðfrí rör (316) niður á 500 til 1200 m dýpi.

Á Miravalles svæðinu í Costa Rica eru notaðir tveir tálmar Nalco 1340 (polyacrylic sýra) og Aquaquest 305E (Natriumpolyacrylat) og er styrkurinn 0,5 til 1,5 ppm (Antonio Yock Fung, pers. uppl.).

Dequest 2066 hefur reynst best af fosfónötum þegar þau voru prófuð við lágan hita en Dequest 2006 betur í tilraunum við 236°C (K.Kuczynski, pers. uppl.). Dequest 2006 hélt 90% af virkni eftir tvær klst við 234 °C og pH 7. Til þess að komast hjá myndun kalsíum fosfats er mælt með því að byrjað sé að skammta lítið magn og það síðan aukið þar til viðunandi árangur næst.

Dequest efnin komplexbinda stál og eru því tærandi. Ekki er mælt með geymslu þeirra í flátum úr kolstáli eða ryðfríu stáli.

Eins og fyrr segir þarf lítinn styrk tálma til þess að stöðva myndun kalkútfellingar og fer magnið eftir yfirmettun. Nægilegur styrkur er yfirleitt á bilinu 0,5 til 10 ppm af óþynntu efni. Þar sem styrkur kalsíums í Kröfluholum er lítill og útfellingarhraði ekki með því mesta sem þekkist þá ætti magnið að vera í minna lagi, jafnvel ekki meira en 0,5 til 1,5 ppm.

3.2 Virkniminnkun kalsíums

Virkniminnkun kalsíums (Ca^{++}) er hægt að ná fram með íblöndun efna sem mynda komplex með kalsíumjóninni (mýking) og eru nokkur efni þekkt sem bindast henni. Kalsíumstyrkur í vatninu í Kröflu er ekki mjög mikill og þarf því ekki mikið magn af mýkingarefnum til þess að hafa áhrif á yfirmettunina.

Fosfatsambönd (Polyfosföt) koma til greina í þessu sambandi. Hætta er þó á að kalsíumfosfat falli út sem fast efni og er ekki mælt með notkun þess við háan hita.

Polyfosfat er notað með góðum árangri til þess að hindra kalkútfellingar úr lághitavatni á Suðureyri við Súgandafjörð. Það virkar bæði sem mýkingarefni og tálmandi efni og að auki varnar það tæringu vegna myndunar járnfosfathúðar á yfirborði stálsins.

EDTA myndar komplex með kalsíum og er notað til þess að mýkja vatn (sequestering) og til þess að leysa upp kalkútfellingar. EDTA brotnar niður við háan hita og því ekki ráðlegt til notkunar við þann hita sem er í holum KJ-9 og KJ-28.

Þessi aðferð hefur svo vitað sé ekki verið notuð í háhitaholum til þess að hindra kalkútfellingar en EDTA var notað við hreinsun holu KG-5 og reyndist vel. EDTA er mun dýrara en saltsýra og hefur því ekki verið notað áfram í þeim tilgangi í Kröflu.

Ekkert bendir til þess að EDTA sé hagkvæmari aðferð til þess að hindra kalkútfellinguna en notkun tálma.

3.3 Virkniminnkun karbónats

Virgni karbónats (CO_3^{--}) minnkar ef sýrustigið er lækkað með íblöndun sýru. Til greina kemur að nota sterka sýru eins og t.d. saltsýru eða brennisteinssýru. Einnig kemur til greina að nota kolsýru eða aðra veika sýru eins og maurasýru eða sítrónusýru.

Reikningar sýna að mikla kolsýru þarf til þess að eyða yfirmettuninni í holunni því kolsýran rýkur úr vatninu við suðuna. Þessi aðferð kemur því ekki til greina fyrir holur KJ-9 og KJ-28 því svo mikla kolsýru er ekki að fá með auðveldum hætti í Kröflu.

Til þess að eyða yfirmettun þarf um 40 mg/kg af brennisteinssýru fyrir holu KJ-28 eða um 95 tonn á ári miðað við 70 kg/s heildarrensli. Fyrir holu KJ-9 þarf um 80 mg/kg eða 109 tonn á ári miðað við 40 kg/s heildarrensli. Brennisteinssýra er ekki dýr en meðhöndlun sterkrar sýru er varasöm og erfitt getur reynst að koma henni niður í holunna og verður að nota plasthúðuð stálrör til þess að koma í veg fyrir tæringu, en slík rör eru ekki almennt fáanleg.

3.4 Áhrif kalktálma á frárennslisvatn

Efni sem dælt er í blásandi borholur kemur upp um holuna og berst með vatnsfasa í gegnum skiljustöð Kröflustöðvar og endar í Hlíðardalslæk, nema skiljuvatninu sé dælt niður aftur. Taka verður tillit til umhverfisáhrifa þegar efni er valið.

Sýruíblöndun er væntanlega besti kosturinn út frá umhverfissjónarmiðum. Vatnið frá virkjuninni er basískt og sýruíblöndunin mun í mesta lagi lækka sýrustigið um 0,5 pH stig, úr pH 9,5 í 9,0. Ef brennisteinssýra er notuð eykst súlfatstyrkur lítilsháttar en hann verður langt innan við æskilegt hámark.

Efni sem innihalda fosfór (fosfónöt) brotna niður og munu auka fosfórstyrk í Hlíðardalslæk. Það getur haft áhrif á þörungavöxt í læknum og er e.t.v. ekki æskilegt þó ekki sé um ofgnótt fosfats í vatninu eða jarðveginum sem lækurinn rennur um. Fosfónöt eru ekki talin skaðleg umhverfinu í þeim styrk sem sem ráðlagður er.

Fjölsýrur brotna niður í vatn og koldíoxíð fyrir tilstuðlan baktería. Það gerist þó á nokkrum vikum og munu efnin því berast niður eftir Hlíðardalslæk í einhverjum mæli áður en þau eyðast. Þau geta e.t.v. haft áhrif á þörungagróður í læknum en efnin eru ekki talin skaðleg umhverfinu í þeim styrk sem sem ráðlagður er.

EKKI eru fyrirsjáanleg vandkvæði af völdum efnanna í sambandi við varmavinnslu úr vatninu í varmaskiptum. Líklegra er að þau muni hindra útfellingar í varmaskiptum að einhverju marki og vera til bóta í því sambandi.

Ef frárennslisvatninu verður dælt niður í borholur eins og áætlanir eru um munu efnin hindra kalkútfellingar í dælubúnaði og niðurdælingarholum. Virgni tálma mun ekki endast lengi eftir niðurdælingarvatnið kemst í snertingu við berg vegna þess að kalk og aðrar steindir í berginu munu draga þau að sér. Sýring vatnsins er til bóta með tilliti til væntanlegrar niðurdælingar því sýra verður frárennslisvatnið í Kröflu til þess að hindra kalkútfellingar þegar því verður dælt niður og það hitnar á ný í berggrunninum.

3.5 Söluáðilar efna

Haft var samband við þrjá söluáðila kalktálma, sem fjallað hefur verið um í greinum

um prófanir og reynslu í sambandi við jarðhitanýtingu, þ.e. Nalco, Drew og Solutia (áður Monsanto). Fyrirtækin eru með skrifstofur um allan heim og var fyrirspurnum beint til aðalskrifstofu þeirra. Þær voru sendar áfram til söluskrifstofa þeirra í Evrópu sem hafa með Ísland að gera. Sendar voru fyrirspurnir um efnin Nalco 1340, Millspers 822 og Dequest 2066. Þessi efni reyndust ekki öll fánleg í Evrópu og var því í tveimur tilfellum boðið upp á önnur efni sem seld eru í Evrópu í þessum tilgangi.

Þegar gengið var frekar eftir því var hægt að fá tilboð í Nalco 1340 frá Bandaríkjunum en það efni er notað á Miravalles svæðinu.

Dequest efnin var hægt að fá í Evrópu en söluaðili efnanna mælti frekar með notkun Dequest 2006 en Dequest 2066 byggt á þeirra tilraunum við háan hita.

Fengnar voru upplýsingar frá söluaðilunum um eðliseiginleika efnanna sem og um öryggisatriði í sambandi við meðhöndlun og umhverfisáhrif förgunar þeirra.

Eftirfarandi efni voru boðin.

Dequest 2006

Aminotri(methylene phosphonic acid) 38 - 42%

Eðlisþyngd 1390 - 1450 kg/m³

Umhverfishætta: lítil

Frýs við -16 °C

Sýrustig (pH) 10 - 11 (1% lausn)

Ráðlagður styrkur 2 - 10 ppm

Verð USD 1,35/kg CIF Reykjavík (10 tonn) (99 kr/kg)

Nalco 95DO066

Polymaleic acid 30 - 60%, Maleic acid 1 - 5%

Frýs við -10 °C

Sýrustig (pH) < 2

Eðlisþyngd 1170 kg/m³

Umhverfishætta: lítil

Ráðlagður styrkur 1 - 5 ppm

Verð USD 4,95/kg ExW Liverpool (362 kr/kg)

Nalco 1340 HP

Polyacrylate

Frýs við -32 °C

Sýrustig (pH) 4,1

Eðlisþyngd 1110 kg/m³

Umhverfishætta: lítil

Verð USD 4,95/kg FOB New York (362 kr/kg)

Ráðlagður styrkur 2 - 10 ppm

Drewspers 747A

Polycarboxylic acid 40 - 55% (Acrylic copolymer)

Frýs við < 4 °C

Sýrustig (pH) 1

Eðlisþyngd 1173 kg/m³

Umhverfishætta: lítil

Ráðlagður styrkur 0,5 - 10 ppm

Verð SEK 42/kg FOB Gautaborg (369 kr/kg)

Dequest efnið er lang ódýrast en fjölsýrurnar frá Nalco og Drew eru á sambærilegu verði. Upplýsingar frá framleiðanda Dequest efnanna benda til þess að það sé tærandi fyrir ryðfrítt stál (Solutia 1992).

Nalco 1340 efnið er útpýntara en Nalco 95DO066 efnið og þarf því meira af því til þess að ná sömu virkni. Það er því í raun allt að 50 % dýrara.

Drewsperser 747A er samkvæmt upplýsingum framleiðanda sama efni og Millsperser 815 og Millsperser 822 er sama efni og Millsperser 815 en þynnt 1:9.

Þar sem ekki voru í öllum tilfellum boðin nákvæmlega sömu efni og reynd hafa verið með góðum árangri á öðrum jarðhitasvæðum þá er ekki hægt að taka endanlega afstöðu til þeirra nema eftir prófun þeirra í Kröflu. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna þess að mólþungi fjölsýranna getur haft áhrif á virkni þeirra en nákvæmar upplýsingar um eiginleika efnanna fást ekki.

Lagt er til að til að byrja með verði notað efni sem reynist vel í jarðhitavirkjunum annars staðar. Þegar íblöndunin er farin að ganga snurðulaust verður hægt að skoða betur hvort önnur efni sem eru ódýrari eða auðveldara að útvega skili sama eða betri árangri.

Með því að mæla kalkstyrkinn í holuvatninu má á fljótlegan hátt skera úr um virkni þeirra og velja síðan það efni sem er hagkvæmast til áframhaldandi notkunar.

4. TÆKJABÚNAÐUR

Tálmanum þarf að koma um 100 m niður fyrir suðuborð í blásandi holu. Útfelling í holu KJ-9 hefur á síðustu árum náð niður á um 500 til 550 m dýpi og í holu KJ-28 á um 730 m dýpi. Þræða þarf því um 7 til 800 m langt rör (hárpípu) í holurnar og nægir að innra þvermál þess sé um 4 mm til þess að dæla 5 til 10 l/klst af tálma-blöndu. Reynslan hefur sýnt að vanda þarf hönnun búnaðar og smíði hans og allan frágang ef tryggja á hnökralausa íblöndun.

4.1 Hárpípa og sakka

Flestir kalktálmar eru tærandi fyrir venjulegt stál við 230 til 240 °C hita og því nauðsynlegt að velja hárpípu úr ryðfríu efni. Einnig þarf að taka tillit til efnaeiginleika jarðhitavatsinsins sem umlykur pípuna.

Hárpípan er gerð úr heildregnu stálröri um 4-6 mm í þvermál sem undið er ofan af kefli og hengt í holuna. Þyngja þarf pípuna með sökku til þess að hún vöðlist ekki upp holuna í blæstri og hún þarf að vera nægilega sterk til þess að þola núning t.d. við hengistykki eða annars staðar þar sem misfellur eru í holunni.

Ýmsar útfærslur og hárpípur úr mismunandi efnum hafa verið reyndar í jarðhita-holum en með misjöfnum árangri.

Hárpípa úr 1/4" Incoloy 825 var reynd á Kawerau svæðinu á Nýja Sjálandi eftir tilraunir þar sem tæringarþol Incoloy 825 og SS 316L stáls var prófað (Robson et al, 1990). Á hárpípuna var fest sakka, 204 kg þung, 6 metra löng og 75 mm digur. Sökkutengið var úr Hastelloy C-276 sem tengdist mótþrýstingsloka úr Monel. Hann hafði það hlutverk að koma í veg fyrir að tálmaausnin næði að sjóða í hárpípunni á leið niður holuna. Þessi búnaður reyndist vel.

Á Latera og Cesano svæðunum á Ítalíu tærðist hárpípan að innan vegna áhrifa tálmans (Dequest 2066). Hárpípan var úr Incoloy 800 og var tæringarhraðinn allt að 6 mm á ári. Gerðar voru tilraunir með hárpípu úr öðrum efnum og reyndust Hastelloy C-4 og teflonklædd Incoloy 825 pípa best (Pieri et al 1989).

Á Intermountain svæðinu í Utha var notað 1/4" hárpípa úr ryðfríu stáli til þess að flytja Millsperser 822 blöndu (Monette et. al 1991).

Á Miravalles svæðinu í Costa Rica er notað 1/4" ryðfrítt stál 316L og Incoloy (Antonio Yock Fung, pers. uppl.). Sakkan er úr sama efni og 100 til 200 kg þung.

Á Coso svæðinu í Kaliforníu var þróuð ný tækni þar sem grönn hárpípa úr ryðfríu stáli (SS 316L) er þrædd innan í ytra rör úr kolstáli (Lovekin, J.W. 1990). Þessi aðferð varð fyrir valinu vegna þess að óvarin hárpípan átti það til að slitna að því er talið var vegna núnings á stöðum þar sem misfellur voru í holunni.

Tvöfalt rör hefur marga kosti. Hárpípa úr ryðfríu stáli þolir tærandi íblöndunarefnið en ytra rörið úr kolstáli þolir brennisteinsvetnisríkan borholuvökvan betur en ryðfrítt stál. Styrkur ytra rörsins kemur í veg fyrir að núningur slíti rörið og stífleikinn verður meiri þannig að síður er hætt á að rörið vöðlist upp holuna og ekki er þörf á sökku.

Á enda röranna er festur blöndunarstútur úr ryðfríu stáli sem skrúfast í ytra rörið og tengist við innra rörið með ryðfríu háþrýstingstengi. Stundum er sett stýring framan á blöndunarstútinn.

Með því að nota tvöfalt rör opnast möguleiki á eftirliti með þrýstingi í holunni. Köfnunarefni er þrýst inn á milli hárpípunnar og ytra rörsins og sleppur út um það niður við blöndunarstútinn. Þrýstingur köfnunarefnisins er mældur en hann verður sá sami og er í holunni við blöndunarstútinn. Slíkar upplýsingar eru gagnlegar því þær

gefa til kynna hvar suðuborðið er í holunni og einnig fást upplýsingar um niðurdrátt í kringum holuna.

Ef ytra rörið fer að leka ætti það að koma fram í lægri köfnunarefnisþrýsting sem auðveldar eftirlit með rörinu í holunni.

4.2 Spil og toppbúnaður

Til þess að koma hárpípunni niður holuna þarf spil og pakkdós. Hárpípuna er hægt að setja niður um toppflangs og þarf þá að framlengja toppinn allt að 6 metra upp til þess að koma fyrir sökku.

Ef notað er tvöfalt rör er ekki þörf á sökku og opnast þá möguleiki á að þræða rörin skáhallt inn í holuna t.d. í gegnum þenslustykki undir aðaloka eins og gert er á Coso svæðinu. Þetta hefur þann kost að holulokarnir eru áfram virkir og minni fyrirferð verður á toppbúnaðinum.

Æskilegt er að spil sé staðsett að staðaldri við holuna þannig að hægt sé að draga rörið úr holunni með skömmum fyrirvara til eftirlits ef eitthvað kemur uppá t.d. ef þrýstingur utan með röri sýnir að ytra rörið lekur.

Spilið þarf að geta lyft a.m.k. 800 metrum af hárpípu eða tvöföldu röri. Miðað við 1/4" ryðfría hárpípu þarf lyftigetan að vera a.m.k 200 kg en ef rörið er tvöfalt og ytra rörið 1 1/4" með veggþykkt 0,095" verður lengjan um 1000 kg. Ef hún er undin upp á spil sem er með 1,5 m kjarna og 1,4 m breitt verður ytra þvermál rúllunnar um 1,7 m.

4.2 Dælur og efnablöndun

Til þess að lágmarka flutningskostnað verður að nota eins sterka lausn af kalktálma kostur er. Reynslan erlendis sýnir að varasamt getur verið að dæla efnunum fullsterkum í gegnum hárpípuna vegna hættu á kökun og stíflun (Benoit W.R. 1990). Efnin verður því að þynna á staðnum. Hæfileg þynning er 1 á móti 9. Til þynningar verður helst að nota afjónað og síað vatn.

Sumir kalktálmar hafa lágt sýrustig og hlutleysa getur þurft sýruna á staðnum með lút til þess að minnka tæringu.

Efnin þola fæst frost og eftir útþynningu mega þau ekki frjósa. Byggja þarf yfir blöndunar- og dælubúnaðinn og hita þarf hárpípuna þar sem hún er óvarin.

Miðað við að styrkur af fullsterku efni í holuvatninu verði 1 ppm í holu KJ-28 og 2 ppm í KJ-9 þarf um 200 lítra af efni á mánuði í hvora holu. Dæla þarf þá um 2000 lítrum af 1:9 blöndu á mánuði (2,8 l/klst) og eru hæfileg dæluafköst miðað við það um 1 til 5 l/klst.

Ef notuð er hárpípa með innra þermál um 4 mm þá tekur það blönduna um 3 til 4 klst að berast 800 m niður holuna (um 0,06 m/s). Þrýstifall vegna rennslismótstöðu verður innan við 1 bar en þrýstingur vegna vatnshæðar allt að 40 bör. Blandan rennur því að sjálfu sér á holuna nema haldið sé á móti. Þó verður að yfirvinna mótþrýsting vegna gufuþrýstings sem verður sá sami og holutoppsþrýstingurinn. Dæluþrýstingur ætti ekki að verða hærri en 10 barg fyrir holu KJ-9 en um 4 barg fyrir holu KJ-28.

Mikilvægt er að dæling efnanna sé stöðug og að ekki komi til rekstrarstöðvunar. Því þarf að fylgjast vel með dælingunni. Rennsli úr blöndunartanki þarf að mæla reglulega með sérstöku mæliglasi sem sett verður á leiðsluna frá tanki að dælum.

Fylgjast þarf með þrýstingi inn á hárpípu. Nauðsynlegt er að allur búnaðurinn sé tvöfaldur þannig að hægt sé að hreinsa síur og þjónusta dælubúnað án þess að stöðva

íblöndunina.

Ef dæling stöðvast í langan tíma er hætt á að efnin falli út í hárpípunni og hún stíflist og eyðileggist. Möguleiki þarf því að vera á útskolun pípunnar með afjónuðu vatni ef stöðva þarf dælingu.

Til þess að fylgjast með virkninni er rétt að mæla styrk kalsíums í vatninu sem kemur upp holuna með reglulegum hætti. Það er hægt að gera á staðnum með logaljósmæli eða títrun.

5. NIÐURSTÖÐUR

Nokkuð ítarleg skoðun fór fram á því sem ritað hefur verið um íblöndun kalktálma í jarðhitaholur. Mest reynsla hefur fengist á svæðum í Bandaríkjunum, sérstaklega Coso svæðinu í Kaliforníu en einnig er þessi tækni notuð í Costa Rica og á Azoreyjum. Haft var samband við aðila í Miravalles í Costa Rica og fregnir fengnar af þeirra reynslu. Einnig var haft samband við söluaðila tækjabúnaðar sem þjónusta jarðhitavirkjanir í Coso og þrjá helstu söluaðila kalktálma og ýmsar upplýsingar fengnar um tæki og efnablöndur sem þeir bjóða í þessum tilgangi.

Niðurstaða okkar og val á tækjabúnaði er sem hér segir:

Útbúnaður sem þarf að setja upp við holutopp er sýndur á mynd 3 og samanstandur af eftirfarandi:

